

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar, með síðari breytingum nr. 1062/2004.

1. gr.

3. töluliður 57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

*Fræðslunefnd.* Fimm fulltrúar og jafn margir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn bæjarstjórnarfulltrúi. Fer með fræðslumál samkvæmt samþykkt um fræðslunefnd og sbr. lög um leikskóla nr. 78/1994, lög um grunnskóla nr. 66/1995, lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og lög um framhaldsskóla nr. 80/1996. Tveir fulltrúar frá Fljótsdalshreppi eiga sæti í fræðslunefnd þegar málefni Hallormsstaðaskóla eru til umfjöllunar, með sömu réttindum og nefndarfulltrúar frá Fljótsdalshéraði.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur staðfest skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. desember 2006.*

F. h. r.  
**Guðjón Bragason.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*